

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð kirkjugarðanna á Staðarfelli í Dölum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 19. ágúst 1981.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð kirkjugarðanna á Staðarfelli.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður kirkjugarðanna á Staðarfelli í Dölum.

### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með framlagi að upphæð kr. 20 000.00 — tuttugu þúsund krónur — frá systkinunum Áskeli Jóhannssyni, Jóni Jóhannssyni, Jóhönnu Jóhannsdóttur, Guðbjörgu Jóhannsdóttur, Eysteini Jóhannssyni og Solveigu Jóhannsdóttur til minningar um systur þeirra og foreldra: Salbjörgu Jóhannsdóttur, Margréti Júlíönu Sigmundsdóttur og Jóhann Jónasson.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er umhirða kirkjugarðanna á Staðarfelli.

### 4. gr.

Tekjur sjóðsins eru minningargjafir og vextir.

### 5. gr.

Árlega skal verja 4% af vöxtum sjóðsins til umhirðu kirkjugarðanna á Staðarfelli, en 96% leggjast við höfuðstól.

Umsjón framkvæmda annast sóknarnefnd Staðarfellskirkju.

### 6. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á verðtryggðu spariskírteini hjá ríkisbanka.

### 7. gr.

Stjórn sjóðsins er sóknarnefnd Staðarfellskirkju.

### 8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Nr. 555.

## REIKNINGUR

Líknarsjóðs Margrétar Árnadóttur, Alviðru.

Rekstrarreikningur 1980.

Tekjur:

Vextir af sparisjóðsbók nr. 12445 .....	kr.	165 519
Vextir af vaxtaukareikningi nr. 1255 .....	—	660 442
		<hr/>
	kr.	825 961

**Gjöld:**

Tekjuafgangur .....	kr. 825 961
	<hr/>
	kr. 825 961

**Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1980.****Eignir:**

Sparisjóðsbók nr. 12445 Lb. ....	kr. 1 322 519
Vaxtaaukareikningur nr. 1255 .....	— 1 469 010
	<hr/>
	kr. 2 791 529

**Skuldir:**

Höfuðstóll .....	kr. 1 000 000
Tekjuafgangur f.f. árum .....	kr. 965 568
Tekjuafgangur frá 1980 .....	— 825 961
	<hr/>
	— 1 791 529
	<hr/>
	kr. 2 791 529

Selfossi, 11. febr. 1981.

F.h. Kvenfélags Selfoss,  
Arndís Þorbjarnardóttir,  
vörslum. sjóðsins.

Nr. 556.

**REIKNINGUR****sjóðsins Gerðuminning 1980.**

Allar fjárhæðir í gömlum krónum.

**Tekjur:**

1. Eignir sjóðsins 1/1 1980:	
a) Innstæða í Landsbanka Íslands .....	kr. 129 107
b) Vextir af sama .....	— 45 882
	<hr/>
	kr. 174 989
2. Spariskírteini ríkissjóðs, nafnverð .....	— 160 000
3. Happprættislán ríkissjóðs .....	— 1 000
	<hr/>
	kr. 335 989

**Gjöld:**

1. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	kr. 173 889
2. Leiga á bankahólfi .....	— 1 100
3. Spariskírteini ríkissjóðs .....	— 160 000
4. Happprættislán ríkissjóðs .....	— 1 000
	<hr/>
	kr. 335 989

Reykjavík, 14. febrúar 1981.

Ólöf Sigurjónsdóttir.